

Mál þetta var dómtekið 10. nóvember sl. en höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu birtri 7. maí 2008.

Stefnendur eru:

Anna Lísu Jónsdóttir, Hraunteigi 13, Reykjavík,
Berglind Birgisdóttir, Ásbrekku 5, Álftanesi,
Guðbjörg Nielsdóttir Hansen, Reynigrund 15, Akranesi
Heiða Lára Aðalsteindóttir, Bakkavör 26, Seltjarnarnesi,
Hildur S. Aðalsteinsdóttir, Vesturströnd 3, Seltjarnarnesi,
Júlíana Rose Júlíusdóttir, Fróðengi 16, Reykjavík,
Kolbrún Sandholt, Furugrund 26, Kópavogi,
Kristín Hjaltadóttir, Blásölum 19, Kópavogi,
María Fjóra Pétursdóttir, Nesbala 30, Seltjarnarnesi,
María Svava Guðjónsdóttir, Kólguvaði 1, Reykjavík,
Matthildur Ingvarsdóttir, Urðarhæð 9, Garðabæ,
Ólína G. Gunnarsdóttir, Fagrahvammi 2c, Hafnarfirði,
Rósa Matthíasdóttir, Urðarbakka 18, Reykjavík
Sigrún Sigurðardóttir, Furuvöllum 27, Hafnarfirði.
Sigrún Þorsteinsdóttir, Ólafsgesla 14, Reykjavík,
Soffía Arnardóttir, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi,
Þórhildur Eva Jónsdóttir, Heiðarbraut 19, Reykjanesbæ,
Þórunn Steingrímsdóttir, Sæbólsbraut 1, Kópavogi, og
Þyrí Rut Gunnarsdóttir, Lækjarvaði 9, Reykjavík,

Stefndu eru:

Anna Friðrikkja Gunnarsdóttir Baughúsum 6, Reykjavík,

Fágun ehf., Baughúsum 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda er þær að stefndu greiði in solidum samtals 9.250.000 kr. til stefnenda þannig:

Nafn höfuðstóll kröfu upphafsd. drv. hverjum var greitt

Anna Lís Jónsdóttir,	560.000	4.9. 2007	Fágun ehf.
Berglind Birgisdóttir,	560.000	31.8. 2007	Fágun ehf.
Guðbjörg Nielsdóttir Hansen,	560.000	27.8. 2007	Fágun ehf.
Heiða Lára Aðalsteindóttir,	280.000	23.1. 2008	Guerlain snyrt
Hildur S. Aðalsteinsdóttir,	370.000	23.1. 2008	Guerlain snyrt
Júlíana Rose Júlíusdóttir,	560.000	4.9. 2007	Fágun ehf.
Kolbrún Sandholt	560.000	21.8. 2007	Fágun ehf.
Kristín Hjaltadóttir,	280.000	8.10. 2007	Fágun ehf.
María Fjóra Pétursdóttir,	560.000	10.9. 2007	Fágun ehf.
María Svava Guðjónsdóttir,	350.000	31.1. 2008	Fágun ehf.
Matthildur Ingvarsdóttir,	560.000	15.1. 2008	Fágun ehf.
Ólína G. Gunnarsdóttir,	250.000	13.9.2007	Fágun ehf.
Rósa Matthíasdóttir	530.000	26.9. 2007	Fágun ehf.
Sigrún Sigurðardóttir,	500.000	28.2. 2008	Fágun ehf.
Sigrún Þorsteinsdóttir	560.000	14.12. 2007	Fágun ehf.
Soffía Arnardóttir,	560.000	21.1. 2008	Fágun ehf.
Þórhildur Eva Jónsdóttir,	560.000	27.8. 2008	Fágun ehf.
Þórunn Steingrímsdóttir,	560.000	8.1. 2008	Fágun ehf.
Þyri Rut Gunnarsdóttir	530.000	13.9. 2007	Fágun ehf.

Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá tilgreindum upphafsdögum dráttarvaxta til greiðsludags og málskostnaðar. Til vara er krafist greiðslu lægri fjárhæðar að mati dómsins auk málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu er þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda in solidum, að því er varðar stefndu, Önnu, eða samkvæmt mati dómsins.

Málavextir

Upphaf málsins er að rekja til þess að í ágúst 2007 birtist eftirfarandi auglýsing: „INNANHÚSSTÍLISTANÁM. Nýtt frá The Academy of Colour and Style. The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtabyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og líti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir hönnun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða. Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennslan fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.”

Á svipuðum tíma birtist önnur auglýsing, en þar segir m.a.: „The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant). Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum. Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22“. Í fasteignablaði Morgunblaðsins hinn 13. ágúst 2007 birtist viðtal stefndu. Önnu F. Gunnarsdóttur, undir fyrrsögninni „Viltu verða innanhússtílisti?“ Þar kynnir hún nám það er mál þetta fjallar um. Einnig birtist við stefndu, Önnu, viðtal í Vikunni þar sem hún kynnti námið o.fl.

Alls skráðu sig 33 nemendur á námskeiðið. Stefnendur, 19 talsins, voru hluti nemenda, 5 nemendur munu hafa hætt námi og 9 nemendur hafa klárað námið en fengið afslátt að skólagjöldum að fjárhæð 112.000 kr. Námið kostaði 560.000 kr. Stefnda, Anna, hafði yfirumsjón með námskeiðinu, en stefnda Fágun ehf. er eigandi og rekstraraðili skólans og tók við skólagjöldum nemenda. Er stefnda, Anna, meðstjórnandi og framkvæmdastjóri stefnda Fágunar ehf., en Baldur Leví Atlason er stjórnarformaður félagsins.

Hinn 11. febrúar 2008 sendir stefnda, Anna, bréf til nemenda skólans, þar á meðal stefnenda. Þar kemur fram að hún geri það vegna óánægju sem hún hefur orðið vör við. Í bréfinu kemur m.a. fram að hún hafa starfað sem stílisti í 20 ár og þar af rekið The Academy of Colour and Style í 10 ár.

Með bréfi hinn 15. febrúar 2008 kvartaði stefnandi, Ólína Gunnarsdóttir, við stefndu, Önnu, f.h. The Academy of Colour and Style yfir náminu.

Hinn 25. febrúar 2008 sendi lögmaður stefnenda bréf til stefndu og krafðist endurgreiðslu á námsgjaldinu þar sem námið hafi ekki staðið undir væntingum.

Hinn 4. mars 2008 var kröfum stefnenda hafnað.

Í mars og apríl mánuði endurgreiddi stefndi, Fágun ehf., nokkrum nemendum 112.000 kr. „vegna óþæginda sem nemandi hefur orðið fyrir í og í tengslum við námið af hálfu annarra nemenda”. Um fullnaðaruppgjör var að ræða af hálfu aðila.

Hinn 2. apríl 2008 ritar lögmaður stefnanda lögmanni stefnda bréf og spyrst fyrir um það hver sé ábyrgur gagnvart stefnendum á námskeiðinu og enn fremur að upplýst verði hver sé eigandi heitisins „The Academy of Colour and Style” og hvort það fái staðfest í opinberum skráum.

Í bréfi hinn 22. apríl 2008 upplýsir lögmaður stefndu að það sé stefndi, Fágun ehf. sem sé ábyrgur gagnvart nemendum skólans og það félag sé jafnframt eigandi heitisins þótt það hafi ekki verið skráð opinberri skráningu.

Í tölvupósti frá lögmanni stefnanda hinn 23. apríl 2008 kemur fram að stefnda, Anna, hafi ávallt komið fram sem sá sem rak skólann. Þá var endurtekin boð um sættir.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnendur byggja kröfur sínar á eftirfarandi málsástæðu:

Í fyrsta lagi að um svikin loforð hafi verið að ræða hjá stefndu. Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttarins um efndir loforða. Stefnendur byggja á því að með auglýsingum um námið hafi stefnda, Anna, gert þeim tilboð sem vildu verða þátttakendur og með skráningu í námið og greiðslu þátttökugjalds hafi nemendur tekið því tilboði sem í auglýsingum fólst. Þar með sé kominn á bindandi samningur. Stefnda, Anna, hafi ekki staðið við það sem hún lofaði og vegna þess eigi stefnendur rétt á skaðabótum eða afslætti.

Stefnendur taka fram að í auglýsingum kveðst stefnda, Anna, vera innanhússtílisti, en þrátt fyrir áskoranir um að sýna staðfestingu á því hefur sú staðfesting ekki fengist. Stefnendur byggja þar af leiðandi á því, að hún hafi ekki þá menntun.

Þá segir í auglýsingum og kynningarefni um námið að The Academy of Colour and Style sé alþjóðlegur skóli og þetta nám hafi upphaflega verið kennt í honum og hún hafi umboð fyrir hann hér á landi. Þessar fullyrðingar hefur hún endurtekið í samtölum við nemendur, svo og að við kennsluna noti hún gögn frá hinum erlenda skóla. Þrátt fyrir áskoranir hefur stefnda ekki getað staðfest að þetta sé rétt. Því er byggt á að þessi fullyrðing stefndu, Önnu, sé líka röng. Þá hafi stefnda, Anna, notað vörumerkið The Academy of Colour and Style til að gefa yfirlýsingum sínum trúverðugleika án þess að hafa til þess heimild frá umræddum skóla. Um þetta má m.a. vísa til laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum o.fl.

Í öðru lagi telja stefnendur að um brostnar forsendur sé að ræða. Stefnendur telja að þeir hafi mátt reikna með að nám þetta stæðist vissar lágmarkskröfur. Námið er mjög dýrt í samanburði við nám á háskólastigi og þess vegna megi gera

meiri kröfur en ella til kennslunnar. Hún hafi ekki staðist kröfur sem til hennar megi gera. Það var ákvörðunarsenda af hálfu stefnenda að a.m.k. forsvarsmaður námskeiðsins hefði fullnægjandi þekkingu á sviði innanhússtílistunar, en svo er ekki. Rangt heiti námsins í framlagðri diplómu er enn ein ábending um það að stefnda, Anna, hafi ekki þá þekkingu á þessu námi sem krefjast mátti. Þekking forsvarsmanns eða kennara á þessu sviði eykur líkur á að námið gæti staðist eðlilegar kröfur þátttakenda.

Þá var það einnig grundvallarforsenda fyrir ákvörðun um þátttöku stefnenda að erlendur skóli stæði að baki náminu. Þar með mætti treysta því að það væri byggt á fagmennsku og reynslu. Þetta var mjög mikilvæg forsenda vegna þess að kennsla á þessu sviði hafði ekki farið fram áður á Íslandi. Báðar þessar forsendur hafa brostið. Stefnendur byggja kröfur sínar því líka á reglum um brostnar forsendur og telja sig mega rifta samningnum þótt afhending hafi farið fram að hluta. Hér eigi aðeins við að fallast á fulla endurgreiðslu gjaldsins, því að afsláttarhugtakið eigi vart við vegna eðlis þess sem afhenda skyldi.

Í þriðja lagi telja stefnendur að um gallaða vöru/þjónustu sé að ræða. Þeir telja námið verulega gallað og þurfi ekki að sætta sig við það. Gallað nám í ákveðinni grein sé í raun einskis virði og því eigi stefnendur rétt á skaðabótum eða afslætti í formi fullrar endurgreiðslu þess sem þeir hafa greitt. Hafa má hliðsjón af reglum kaupalaganna nr. 50/2000 um riftun vegna verulegs galla eða um afslátt. Einnig megi styðjast við sambærileg ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Ennfremur byggja stefnendur á að lög 42/2000 um þjónustukaup leggi línurnar um hvernig hér megi fara að. Þótt ekki sé víst að lögin nái beinlínis til þeirrar þjónustu sem hér er fjallað um, er byggt á að um þjónustu, sem veitt er í formi kennslu eða námskeiðahalds, megi byggja á sömu grunnsjónarmiðum og þar koma fram.

Í fjórða lagi telja stefnendur að verðið sé ekki sanngjarnt. Ekki er unnt að sjá hvernig stefnda efnir sinn hluta samnings aðilja fyrir en náminu miðar áfram. Þegar nokkuð var liðið á námið töldu stefnendur sig sjá að það nám sem stefnda, Anna, bauð upp á væri langt frá því þess virði sem hún krefur fyrir. Þeir telja að stefnda eigi í mesta lagi rétt á að fá sanngjarnt endurgjald fyrir en gjald það sem hún krefur um sé allt of hátt. Með lauslegri, en ríflegri kostnaðaráætlun má sjá, að námið kynni að kosta um 3.960.000 kr. alls, miðað eftirgreindar forsendur:

Námið hafi staðið yfir í 30 vikur og að tveimur hópum hafi verið kennt á viku, þ.e. á mánudögum og fimmtudögum. Kennslutímar hafi verið 4 á hvorn hóp í hverri viku. Af kennslutímum hafi um 1/3 hluti farið í fyrirtækjaheimsóknir og kynningar. Byggt er á að enginn aukakostnaður hafi stafað af þeim né að greiða þyrfti kennurum á meðan, en kostnaður vegna húsnæðis er þó reiknaður á meðan. Nemendur hafi verið 30.

Húsnæðiskostnaður.

Fjöldi kennslustunda 4 (klst.) x30 (vikur) x2 (hópar) á kr. 2.500 klst. kr. 600.000

Kennsla.

Fjöldi kennslustunda 4 x 30 x 2 = 240 stundir, að frádregnum

1/3 hluta, eða 80 stunda, vegna fyrirtækjaheimsókna =

160 greiddar kennslustundir en bætt við 50% álagi, eða 80 klst.

vegna ferða kennara og annars þeim tengt, samtals 240 klst.

á kr. 10.000 klst.

kr. 2.400.000

Námsefni.

Bækur og ljósritun, kr. 20.000 á nemanda.

kr. 600.000

Ýmislegt ófyrirséð ca 10%

kr. 360.000

Kostnaðaráætlun samtals

kr. 3.960.000

Kostnaður á nemanda miðað við þetta er 132.000 kr. Gjald það sem stefndu áskildu sér var 560.000 kr. á nemanda. Heildarþóknun til stefndu var því 16.800.000 kr. Ef stefndu fallast ekki á þessa kostnaðaráætlun er skorað á þá að leggja fram réttar upplýsingar um hvað námið kostaði í raun. Til hliðsjónar vísa stefnendur til þess að nemandi í rekstrar- og viðskiptanámi í Endurmenntun HÍ greiðir á árinu 2008-2009, 470.000 kr. fyrir 470 kennslustundir auk dæmatíma, á þremur önnun og fær kennslu hjá hæfustu kennurum á þessu sviði.

Stefnendur telja að byggja megi á grunnreglum laga um lausafjárkaup og laga um neytendakaup um að þeir þurfi í mesta lagi að greiða sanngjarnt verð fyrir veitta þjónustu. Hafa megi ofangreinda kostnaðaráætlun til hliðsjónar. Stefndu hafa á engan hátt sinnt greiðslutilmælum og er málshöfðun þessi því nauðsynleg.

Um aðild sóknarmegin vísast til 1. tl. 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Aðild varnarmegin byggist á sömu lagaheimild. Stefnda, Anna, hefur frá upphafi komið fram sem sá sem stendur fyrir umræddum skóla, án nokkurs fyrirvara um að einhver annar standi þar á bak við, nema hinn erlendí skóli. Stefnda, Fágún ehf., hefur hins tekið við meginhluta þátttökugjalda samkvæmt fyrirsögn stefndu, Önnu. Skv. bréfi lögmanns stefndu frá 22. apríl sl. telur Fágún ehf. sig réttan aðila málsins. Þess vegna er báðum stefnt.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu taka fyrst fram að þeir telji dómkröfur stefnenda í reynd lúta að því að stefnendur fái, á grundvelli svikinna loforða, brostinna forsendna, galla á vöru eða þjónustu eða á grundvelli endurskoðunar endurgjalds samkvæmt samningi, endurgoldin þau námsgjöld sem þeir hafa greitt á grundvelli samnings. Stefndu telja að ekki verði annað séð en að málatilbúnaður stefnenda byggist þannig á öðru en ætluðum vanefndum á umræddum samningi en ekki verði ráðið að málatilbúnaðurinn lúti að skaðabótaskyldu utan samninga og þá með hvaða hætti.

Stefnda, Anna, byggir sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Í þessu sambandi bendir stefnda, Anna, á að hún hafi ekki verið aðili að samningi við stefnendur, heldur hafi það verið stefnda Fágún ehf., sem sé rekstraraðili viðkomandi skóla og greiðslukvittanir sýni það. Tók stefnda, Anna, sem er framkvæmdastjóri stefnda, Fágúnar ehf., ekki við neinum námsgjöldum frá stefnendum heldur voru þau öll greidd til stefnda Fágúnar ehf. eins og fram kemur í stefnu. Þá er á því byggt sérstaklega af hálfu stefndu, Önnu, verði ekki fallist á sjónarmið um aðildarskort, að hún hafi hvorki persónulega né sem fyrirsvarsmáður stefnda Fágúnar ehf. skapað sér skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, innan eða utan samninga.

Af þeim sökum telur stefnda, Anna, að hún eigi ekki aðild að málinu sem leiði til sýknu skv. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þrátt fyrir framangreint gerir stefnda, Anna, ekki kröfur um frávísun á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991.

Í öðru lagi telja stefndu að það sé ekki að fullu ljóst með hvaða hætti stefnendur telja að stefndu beri sameiginlega ábyrgð á stefnukröfum máls þessa. Helst er að skilja málatilbúnaðinn svo, að stefnendur telji að stefndu hafi sameiginlega staðið að samningum við stefnendur og að hin sameiginlega ábyrgð verði á því byggð. Á þetta er ekki fallist af hálfu stefndu. Þá er ekki fallist á það af hálfu stefndu, að ábyrgð þeirra byggist á skaðabótareglum utan samninga, enda ekki á því byggt af hálfu stefnenda í máli þessu.

Sýknukrafa beggja stefndu byggist að öðru leyti á því að hafnað sé málsástæðum stefnenda í máli þessu, enda byggjast þær hvorki á rétttri lýsingu málavaxta né viðeigandi lagagrunni. Telja stefndu, Anna og Fágún ehf., að þau hafi þannig hvorugt vanefnt samning við stefnendur með þeim hætti að fallast megi á kröfur þeirra í máli þessu. Þá er sameiginlegri ábyrgð sérstaklega hafnað.

Í stefnu eru stefnukröfur studdar fjórum málsástæðum, þ.e. á grundvelli svikinna loforða, brostinna forsendna, að um gallaða vöru eða þjónustu hafi verið að ræða og að krafist hafi verið ósanngjarns verðs. Stefndu mótmæla öllum þessum málsástæðum stefnenda.

Varðandi svikin loforð taka stefnendur fram að stefnda, Anna, hafi ekki staðið við loforð sem hún hafi gefið í tilefni af skráningu stefnenda í umræddum skóla og vegna þess eigi stefnendur rétt á skaðabótum eða afslætti. Er því m.a. haldið fram að stefnda, Anna, hafi auglýst og tjáð nemendum að námið hafi upphaflega verið kennt í The Academy of Colour and Style. Þessari fullyrðingu vísar stefnda, Anna, á bug og bendir á einu auglýsinguna um námskeiðið sem birt hafi verið.

Máli sínu til stuðnings hafa stefnendur lagt fram grein í Morgunblaðinu og viðtal í tímaritinu Vikunni. Benda stefndu á að þar sé ekki um að ræða auglýsingar af hálfu stefndu, heldur hafi viðkomandi blaðamenn leitað til stefndu, Önnu, vegna fréttu um námskeiðið. Er þessi umfjöllun að mestu leyti í samræmi við það sem kemur fram í auglýsingu stefndu, utan þess að í texta blaðamanns Morgunblaðsins kemur fram að námið hafi upphaflega verið kennt í alþjóðlega stílistaskólanum The Academy of Colour and Style. Telja stefndu fráleitt að þessi misskilningur

blaðamanns Morgunblaðsins í einni setningu í lítt áberandi grein í blaðinu geti talist fela í sér loforð til nemenda sem stefndu hafi svikið og þurfi að bera ábyrgð á. Bent er þó sérstaklega á þau ummæli sem tekin eru beint upp eftir stefndu, Önnu, en sú lýsing sem þar kemur fram er í fullu samræmi við það sem auglýst hafði verið og síðar var framkvæmt á námskeiðinu.

Stefnendur vísa einnig til þess að í auglýsingum hafi stefnda, Anna, sagst vera innanhússtílisti og að þrátt fyrir áskoranir stefnenda hafi stefnda, Anna, ekki sýnt staðfestingu á slíkri menntun. Í þessu sambandi benda stefndu á að hvergi kemur fram í auglýsingu stefndu, að stefnda, Anna, sé innanhússtílisti. Stefnda, Anna, er þó titlaður innanhússtílisti í blaðagreinum, en þar er ekki um sérstakar auglýsingar að ræða.

Stefndu leggja fram gögn um þá menntun sem stefnda, Anna, hefi aflað sér í gegnum tíðina. Kemur þar fram að hún hafi lokið við fjórar námsbrautir á sviðum sem öll tengjast því námi sem stefndu buðu upp á, þ.e. diplómanám í útlitsráðgjöf og litgreiningu og nú síðast aflaði stefnda, Anna, sér diplómagráðu í Interior design, frá Regent Academy.

Þá telja stefndu að nákvæmar upplýsingar um menntun hennar ættu í raun ekki að hafa lykiláhrif í máli þessu enda byggir námskeiðið, sem The Academy og Colour and Style býður upp á, fyrst og fremst á þekkingu sem stefnda, Anna, hefur aflað sér á tengdum sviðum undanfarin ár, bæði í gegnum nám og reynslu. Var þessi bakgrunnur og hugmyndafræði námskeiðsins skýrlega kynnt nemendum áður en námið hófst. Þá skal bent á að umrætt námskeið og umræddur skóli starfar algerlega á einkaréttarlegum grundvelli, án fjárstyrkja eða sérstakra staðfestinga frá opinberum aðilum. Þannig fellur námið ekki undir sömu reglur og t.d. nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi og veitir námið því ekki sjálfkrafa réttindi til ákveðinna starfa. Var því aldrei haldið fram af hálfu stefndu.

Að lokum vísa stefnendur til þess að stefnda, Anna, hafi notað vörumerkið The Academy of Colour and Style í heimildarleysi. Þessu vísa stefndu á bug sem örökstuddu enda hafa hvergi komið fram nein gögn sem styðja þessa fullyrðingu.

Stefndu telja því að málsástæða stefnenda um „svikin loforð“ eigi sér enga stoð í gögnum málsins, enda var stefnendum fullljóst að stefnda, Anna, hafði aflað sér þekkingar á þessu sviði auk þess sem nemendum var kunnugt um áralanga reynslu stefndu, Önnu, bæði vegna starfa við einstök verkefni, sem og við stjórnun námskeiða undanfarin ár. Þá var stefnendum kunnugt um að námskeiðið byggðist á nýjum hugmyndum sem aldrei höfðu verið settar fram með þessum hætti áður og grundvölluðust á menntun, reynslu og hugmyndafræði stefndu, Önnu. Gildir því einu hvort stefnda, Anna, geti talist vera menntaður innanhússtílisti eða ekki, auk þess sem því var ekki haldið fram í auglýsingum stefndu.

Varðandi brostnar forsendur sem stefnendur byggja á vísa stefndu að mestu leyti til sjónarmiða sinna að ofan hvað þetta varðar en bæta því þó við að af námsáætlun námskeiðsins, megi sjá að stór hluti námsefnisins varði beinlínis efnisatriði á sviðum sem, stefnda, Anna, hafi menntun á, og að fjöldi sérmenntaðra gestakennara hafi stjórnað öðrum hlutum námskeiðsins, sbr. fyrirliggjandi lista yfir kennara og fyrirlesara.

Þá er því aftur haldið ranglega fram í stefnu að erlendur skóli hafi átt að standa að baki náminu og að þar með mætti treysta því að námið væri byggt á fagmennsku og reynslu. Stefndu ítreka að þessu hafi aldrei verið haldið fram. Nemendum hafi einungis verið bent á að kennslugögnin byggðust m.a. á upplýsingum og þekkingu frá erlendum skóla, en að uppsetning námsins væri að fullu uppbyggð af stefnda, Fágun ehf., á grundvelli reynslu og þekkingu stefndu, Önnu. Námið hafi byggst hvort tveggja á fagmennsku og reynslu.

Þá er á því byggt í stefnu að þar sem námið teljist dýrt megi gera meiri kröfur en ella til kennslunnar. Stefndu mótmæla því í fyrsta lagi að námið teljist dýrt miðað við umfang námsins auk þess sem hér sé um að ræða nám á einkaréttarlegum grundvelli. Í öðru lagi telja stefndu að kostnaður við námið miðist m.a. við námsáætlun og þann fjölda sérmenntaðra gestakennara sem boðið var upp á og staðið var við. Ekki verður ráðið af stefnu að hvaða leyti kennslan hafi ekki staðist þær kröfur sem gera mátti til hennar.

Í þriðja lagi byggja stefnendur á því að nám það sem stefndu buðu upp á hafi verið „verulega gallað“ og því eigi stefnendur rétt á skaðabótum eða afslætti í formi fullrar endurgreiðslu þess sem þeir hafa greitt. Stefndu telja ekki rökstutt frekar í stefnu á hverju málsástæða þessi byggist og mótmæla stefndu því málsástæðunni sem slíkri, en vísa að öðru leyti til sjónarmiða sinna sem að ofan hafa verið rakin og við geta átt. Telja stefndu einnig að þau lög sem stefnendur vísa til stuðnings þessari málsástæðu geti ekki átt við í þessu sambandi enda falli ágreiningur þessi ekki undir gildissvið viðkomandi laga.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda, að stefnendur þurfi í mesta lagi að greiða „sannngjarnt verð“ fyrir veitta þjónustu og vísa þar að lútandi til grunnreglna laga um lausafjárkaup og laga um neytendakaup, telja stefndu að ágreiningur þessi geti ekki fallið undir ofangreind lagaákvæði og mótmæla þessum sjónarmiðum. Þá telja stefndu þá „kostnaðaráætlun“ sem stefnendur leggja til grundvallar fráleita enda miðast hún við fjárhæðir sem eru alfarið órökstuddar og ósannaðar. Þá telja stefndu einnig fráleitt að námsgjaldið sé borið saman við nám í rekstrar- og viðskiptanámi í Háskóla Íslands, enda sé þar um að ræða nám annars eðlis auk þess sem þar er um að ræða niðurgreitt ríkisstyrkt nám. Námskeið stefndu var hins vegar byggt upp á einkaréttarlegum grunni og án allra fjárstyrkja frá hinu opinbera og er námsgjaldið að fullu í samræmi við önnur námskeið sem einkafyrirtæki bjóða upp á. Hafa stefnendur því ekki sýnt fram á eða sannað að námskeiðsgjöld stefnda Fágunar ehf. séu ósanngjörn.

Í samræmi við ofangreint telja stefndu að þau beri að sýkna af öllum dómkröfum stefnenda enda megi ljóst vera að stefndu hafa staðið við þau loforð og þær upplýsingar sem þau gáfu stefnendum í aðdraganda hins umrædda námskeiðs. Á grundvelli þess samþykktu stefnendur að greiða uppsett námsgjald og telja stefndu að stefnendum hafi ekki á nokkurn hátt tekist að sýna fram á að stefndu beri samkvæmt lögum að endurgreiða námsgjaldið enda hafi námskeiðið farið fram í samræmi við þær auglýsingar og kynningar sem stefnendum var kunnugt um við upphaf námsins. Vísa stefndu til þess að einungis hluti nemenda hafi gert athugasemdir við námskeiðið, en á móti hafi framkoma stefnenda og athugasemdir við framgang þess valdið því að nokkrir nemendur hafi fengið endurgreiddan hluta námskeiðsgjaldsins, en einungis vegna umræddrar röskunar á framgangi þess af

völdum stefnenda.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að framangreindar málsástæður stefndu eigi við um hvern og einn stefnanda, án nánari tilgreiningar, en líta verður svo á, að stefnendur í málatilbúnaði sínum líti svo á að sömu atvik og málsástæður eigi við um hvern stefnanda, sem sækja mál þetta saman.

Vilji svo ólíklega til að fallist verði á kröfur stefnenda mótmæla stefndu dráttarvaxtakröfum stefnenda þar sem upphafsdagur dráttarvaxta er hvorki rökstuddur í dómkröfum stefnenda né málsástæðum. Ber því að mati stefndu að miða dráttarvexti í fyrsta lagi við dómsuppsögu. Þá benda stefndu á að í varakröfu stefnenda er ekki krafist dráttarvaxta.

Um lagarök vísa stefndu til almennra reglna kröfu- og samningaréttar, svo og til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi málskostnaðarkröfu vísa stefndu til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. gr. og 130. gr. laganna.

Forsendur og niðurstaða

Upphaf málsins er að rekja til auglýsingar er birtist í Fréttablaðinu en þar segir:

„INNANHÚSSTÍLISTANÁM. Nýtt frá The Academy of Colour and Style. The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtabyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir hönnun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða. Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennslan fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.“ Hægra megin við meginmál auglýsingarinnar er dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu, en það er: Lita- og línufræði, tóngreining, vaxtabygging, heitt og kalt rými, stórt og lítið rými og uppröðun hluta. Þá eigi að hanna baðherbergi, svefnherbergi, barnaherbergi, eldhús, garðhýsi, stofu og margt fleira. Síðan er mynd að stefndu, Önnu.

Þegar litið er til auglýsingarinnar kemur skýrlega fram að The Academy of Colour and Style sé að bjóða upp á þetta námskeið. Auglýsingin verður ekki skilin á annan hátt en þann en að hér sé um erlendan aðila að ræða. Ekkert í auglýsingunni gefur til kynna að hér sé um fyrirtæki að ræða sem stefnda, Anna, eigi og hafi rekið í mörg ár. Í málflutningi kom fram að The Academy of Colour and Style var breskt fyrirtæki og ekki sé um eiginlegan skóla að ræða, heldur hugmyndafræði breskrar konu, Barböru Jacques. Hjá henni lærði stefnda, Anna, meðal annars um litgreiningu og fleira og í málinu eru ljósrit af þremur diplómum þar að lútandi. The Academy of Colour and Style í Bretlandi kennir ekki innanhússtílistun né annað varðandi innanhússhönnun. Fyrir dómi báru einhverjir stefnendur að það hefði verið ákvörðunarástæða hjá þeim að um erlendan aðila

væri að væri og fögnuðu mjög að fá slíkan skóla hingað til lands. Að mati dómsins er hér um villandi framsetningu að ræða sem gefur þeim sem lesa auglýsinguna það til kynna að um erlendan aðila sé að ræða sem standi að baki námi þessu.

Ágreiningslaust er með aðilum að stefnda, Anna, upplýsti nemendurna um, að í lok námsins áttu þátttakendur að fá diplómu frá The Academy of Colour and Style og myndi það auðvelda þeim áframhaldandi nám. Ósönnuð er sú fullyrðing stefndu, Önnu, að diplóma þessi væri einhvers virði í framtíðinni og að aðrir nemendur hafi komist í áframhaldandi nám eða störf á hennar grundvelli.

Eins og að framan greinir birtist mynd að stefndu, Önnu, í auglýsingunni. Með því er gefið til kynna að hún sjái um námið. Ágreiningslaust er að hún var ábyrgðaraðili/skólalastjóri og að hún varð fyrir svörum þeirra er óskuðu frekari upplýsinga. Eðlilegt er því að gera ráð fyrir því að hún hafi einhverja sérfræðikunnáttu á þessu sviði. Fyrir liggur í málinu að stefnda, Anna, lauk 150 klst. fjarnámi frá Regent Academy í „Successful Interior Design“ og kostaði það nám 315 £. Þessu námi lauk hún í tilefni þessa nýja náms sem hún var að setja á laggirnar hér á landi. Aðspurð fyrir dómi sagði stefnda, Anna, að þetta væri minna nám er það sem hún byði upp á í hinu umþrætta námskeiði.

Í auglýsingunni kemur fram að gestafyrirlesarar muni koma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem kæmu þeim til góða. Á lista yfir kennara og fyrirlesara, sem liggur fyrir í málinu, er rúmlega helmingur fyrirlesara frá nafngreindum verslunum, sem voru að kynna vörur sínar. Að mati dómsins er villandi í auglýsingunni að tala um aðila, sem eru að selja ákveðna þjónustu/vöru, sem gestafyrirlesara, án þess að gera frekari grein fyrir þeim. Ljóst er að mati dómsins, að hver og einn á að geta fengið upplýsingar um vöru og þjónustu með því að fara í fyrirtæki þessara gestafyrirlesara.

Endurgjald fyrir námið var 560.000 kr. Þetta háa endurgjald gefur einnig nemendum vísbendingu um, að vandað yrði til verka á námskeiðinu af hálfu námskeiðshaldara. Eðli máls samkvæmt kæmi það þó ekki í ljós fyrr en liði á námskeiðið. Í framburðum stefnenda fyrir dómi voru þær sammála um að byrjun námskeiðsins hafi lofað góðu, en síðan hafi það orðið skipulagslaust. Fyrir dómnum liggja tvær námsáætlanir fyrir námið, önnur fram að jólum og hin fyrir allan veturinn. Ekki er þær tímasettar, þannig að ekki liggur fyrir eftir hvorri var farið. Upphaf þeirra er eins, þ.e. kennsla fyrstu þrjár vikurnar, en síðar fer að gæta ósamræmis. Styður það fullyrðingar stefnenda.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir telur dómurinn að 560.000 kr. sé ekki sanngjarnt endurgjald fyrir námið og að námið hafi ekki þróast á þannig veg eins og auglýsingin gaf stefnendum í skyn að það yrði. Dómurinn lítur svo á að stefnda, Anna, hafi sýnt af sé vanrækslu í samskiptum sínum við stefnendur, eins og að framan er rakið. Með vísan til meginreglana lausafjárkaupalaga nr. 50/2000 og með hliðsjón af 5. mgr. 27. gr. laga um lausafjárkaup, eigi stefnendur rétt til skaðabóta.

Stefndu hafa ekki haft uppi athugasemdir um dómkröfur stefnenda og verður höfuðstóll hvernar og einnar því lagður til grundvallar. Stefndu hafa ekki orðið við áskorun stefnenda að leggja fram upplýsingar um kostnað þann er þeir höfðu af náminu. Í skýrslutöku fyrir dómi af stefndu, Önnu, bar hún því við varðandi kostnaðinn að hann væri annaðhvort trúnaðarmál eða þá að

fyrirsvarsmaður stefnda, Fágunar ehf., hafi séð um þann hluta. Hann gaf þó ekki skýrslu fyrir dómi, þrátt fyrir að hafa verið viðstaddur aðalmeðferðina. Af öllu þessu verða stefndu af bera hallann. Í ljósi þessa verður að leggja kostnaðaráætlun stefnenda til grundvallar fyrir sanngjörnu verði fyrir námið, en hann er 132.000 kr.

Dómurinn hafnar þeirri málsástæðu stefndu, Önnu, að hún eigi ekki aðild að málinu. Jafnvel þótt stefnda, Fágun ehf., hafi veitt endurgjaldinu móttöku, þá er hvergi minnst á Fágun ehf. í auglýsingunni heldur gefur auglýsingin til kynna að stefnda, Anna, standi fyrir námskeiðinu. Þá svaraði hún einnig öllum fyrirspurnum og kom fram gagnvart stefnendum og að mati dómsins sýndi af sér vanrækslu þá er leiðir til skaðabóta. Því ber hún ábyrgð með stefnda, Fágun ehf., sem veitti námsgjaldinu viðtöku og er hafnað kröfu stefndu, Önnu, um sýknu vegna aðildarskorts.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir ber stefndu in solidum að greiða stefnendum bætur svo sem greinir í dómsorði. Er því tekin til greina varakrafa stefnenda um lægri fjárhæð að mati dómsins. Í aðalkröfu krefjast stefnendur dráttarvaxta á höfuðstóla og til vara annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins. Dráttarvaxtakrafan en því til staðar í málinu. Með vísan til 9. gr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu skulu hinar tildæmdur bætur bera dráttarvexti frá dómsuppkvaðningu.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnendum málskostnað að fjárhæð 800.000 kr.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jón G. Briem hrl.

Af hálfu stefndu flutti málið Sigurvin Ólafsson hdl.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndu, Anna F. Gunnarsdóttir og Fágun ehf., greiði in solidum hverri eftirfarandi stefnenda 428.000 kr., þ.e. Önnu Lísu Jónsdóttur, Berglindi Birgisdóttur, Guðbjörgu Níelsdóttur Hansen, Júlíönu Rose Júlíusdóttur, Kolbrúnu Sandholt, Maríu Fjólu Pétursdóttur, Matthildi Ingvarsdóttur, Sigrúnu Þorsteinsdóttur, Soffíu Arnardóttur, Þórhildi Evu Jónsdóttur og Þórunni Steingrímsdóttur.

Þá greiði stefndu in solidum hvorri eftirfarandi stefnenda 398.000 kr., þ.e. Rósu Matthíasdóttur og Þyrí Rut Gunnarsdóttur. Þá greiði stefndu in solidum hvorri eftirfarandi stefnenda 148.000 kr., þ.e. Heiðu Láru Aðalsteinsdóttur og Kristínu Hjaltadóttur.

Stefndu greiði in solidum Sigrúnu Sigurðardóttur 368.000 kr., Hildi S. Aðalsteinsdóttur 238.000 kr., Maríu Svövu Guðjónsdóttur 218.000 kr. og Ólínu G. Gunnarsdóttur 118.000 kr.

Fjárhæðir þessar beri dráttarvexti frá dómsuppsögu. Þá greiði stefndu 800.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.